



FUNDARGERÐ

4. fundur Vatnsveitu Rangárbæingur ytra og Ásahrepps
haldinn Suðurlandsvegi 1-3, fimmtudaginn 19. október 2023
og hófst hann kl. 15:00.

Fundinn sátu:

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Þráinn Ingólfsson, Eydís Þ. Indriðadóttir, Valtýr Valtýsson, Tómas Haukur Tómasson, Klara Viðarsdóttir og Jón G. Valgeirsson.

Fundargerð ritaði: Tómas Haukur Tómasson, embættismaður.

Dagskrá:

1. Reksrarityfirlit Vatnsveitu Rangárbæingur ytra og Ásahrepps jan-ágúst 2023 - 2310058

Lagt fram rekstraryfirlit Vatnsveitu Rangárbæingur ytra og Ásahrepps jan-ágúst 2023

Lagt fram yfirlit um rekstur Vatnsveitunnar janúar til ágúst.

Fjárfesting ársins 2023 er meiri en gert ráð fyrir í áætlun.

Fjármagnsliðir eru hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir.

2. Vatnsveita viðauki við fjárhagsáætlun ársins 2023 - 2310059

Lagður fram viðauki við fjárhagsáætlun Vatnsveitu Rangárbæingur ytra og Ásahrepps árið 2023

Lagður fram viðauki 1 við fjárhagsáætlun 2023 samtals að upphæð 25 mkr til hækkunar á fjárfestingu og 7,8 mkr í aukinn rekstrarkostnað. Viðaukinn er vegna aukins kostnaðar við stofnlögn frá Suðurlandsvegi í Djúpós og lagnaframkvæmda á Hellu. Einnig vegna aukins vaxtakostnaðar.

Lagt er til að viðaukanum verði mætt með 70 mkr lántöku. Einnig skal lánið greiða niður 40 mkr skuld Vatnsveitunnar við Rangárbæingur ytra.

Samþykkt samhljóða.

Framkvæmdastjóra falið vinna málið áfram varðandi lántöku.

3. Fjárhagsáætlun Vatnsveitu 2024 - 2310056

Fjárhags- og fjárfestingaáætlun 2024-2027 lögð fram til kynningar og umræðu.

Lögð fram tillaga að fjárhagsáætlun ársins 2024. Tillagan gerir ráð fyrir að tekjur verði 128 mkr. og rekstrarniðustaða verði jákvæð um 3,4 mkr. Fjárfesting ársins verði 41 mkr. Gert er ráð fyrir 20 mkr lántöku á árinu.

Samþykkt samhljóða.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including names like TH, K.G., and LHG, along with the number 8 and other marks.

4. Gjaldskrá Vatnsveitu 2022. - 2209085

Lögð fram drög að uppfærðri gjaldskrá Vatnsveitu Rangárbings ytra og Ásahrepps til umræðu.

Lögð voru fram drög að gjaldskrá Vatnsveitu Rangárbings ytra og Ásahrepps til skoðunar. Lagt er til að skoða vel mælavæðingu og á þá notendur og fyrirtæki sem eru að nota vatn í annað en heimilishald. Sveitarstjórum og Forstöðumanni eigna- og framkvæmdasviðs falið að vinna áfram með gjaldskrá og leggja fyrir á næsta fundi stjórnar Vatnsveitunnar fyrir lok árs.

5. Yfirlit veitustjóra. - 2310057

Farið yfir daglegan rekstur Vatnsveitunnar.

THT fór yfir rekstur vatnsveitunnar. Nýjar tengingar inná veitukerfið verða líklega rúmlega 30 á árinu. Stæðsta ófyrirséða málið var bilun í borholudælu á Lækjarbotnum sem þurfti að endurnýja. Var hún stækkuð fyrir vikið til að anna betur nýjum tanki í Fögrubrekku.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:45.


Margrét Harpa Guðsteinsdóttir


Þráinn Ingólfsson


Eydis P. Indriðadóttir





Tómas Tómasson